

Landsnet hf.
 Gylfaflöt 9
 112 REYKJAVÍK

 Reykjavík, 15. júní 2020
 Tilvísun: OS2020020069/10.5
 Verknúmer: 435-3100

Efni: Uppgjör tekjumarka Landsnets fyrir árið 2019

Orkustofnun setti Landsneti tekjumörk fyrir árin 2016 – 2020 með bréfi dags. 9. maí 2016. Ákvörðun um leyfða arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna fyrir árið 2019 lá fyrir með bréf dags. 6. apríl 2018.

Orkustofnun hefur nú lokið uppgjöri tekjumarka Landsnets fyrir árið 2019 á grundvelli 6. mgr. 12. gr. raforkulaga. Uppgerð tekjumörk ásamt tekjum eru sem hér segir:

Tekjur:	Alm. notendur í þús. kr.	Stórnotendur í þús. kr.	Samtals í þús. kr.
Flutningstekjur	5.287.562	8.758.833	14.046.395
Þjónustutekjur	28.802	37.196	65.998
Aðrar tekjur	65.284	84.612	149.896
Samtals tekjur	5.381.647	8.880.641	14.262.288

Gjöld:	Alm. notendur í þús. kr.	Stórnotendur í þús. kr.	Samtals í þús. kr.
Rekstrarkostnaður	1.501.830	1.951.903	3.453.733
Viðbótarrekstrarkostnaður	137.817	178.620	316.437
Afskriftir	1.552.355	2.863.801	4.416.156
Arður	2.039.815	4.672.514	6.712.330
Samtals gjöld	5.231.818	9.666.838	14.898.656

	Alm. notendur í þús. kr.	Stórnotendur í þús. kr.
Mismunur [Tekjur - Gjöld]	149.830	-786.197
Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur færðar á milli ára	-203.097	480.492
Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur (%)	-3,9%	5,0%

Tekjuheimildir Landsnets á árinu 2019 eru ofteknar kr. 149.830 þús.kr. fyrir almenna notendur og vanteknar, kr. -786.197 þús.kr. fyrir stórnotendur. Uppsafnaðar tekjuheimildir Landsnets í árslok 2019 eru vanteknar, kr. -203.097 þús.kr. fyrir almenna notendur eða -3,9% af tekjumörkum, og ofteknar kr. 480.492 þús.kr., eða 5,0% af tekjumörkum fyrir stórnotendur. Fyrir almenna notendur er Landsneti heimilt að flytja þessar 203.097 þús.kr. vanteknu tekjur yfir á uppgjörsárið 2020 sbr. 7.mgr. 12. gr. raforkulaga.

Skuld við stórnotendur telst nú greidd til baka sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum. Uppsafnaðar ofteknar tekjur Landsnets árið 2019 fyrir stórnotendur eru innan þeirra marka sem sett eru í 7. mgr. 12. gr. raforkulaga.

Stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 og varða gjaldskrármál eða starfssemi sérleyfisfyrirtækja eru kærnanlegar til úrskurðanefndar raforkumála. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra


Silja Rán Sigurðardóttir

Verkefnastjóri hagfræði raforkumála